



Kostir:

- Endingargóð
- Hagkvæm í þrifum
- Bæta umhverfi á vinnustað
- Fljótleg að leggja
- Sérstakt og fallett útlit
- Ótal litasamsetningar

Notkunarmöguleikar:

Dæmigerðir notkunarstaðir fyrir steinteppi eru sýningarsalir, verslanir, skrifstofur og aðrir staðir sem þurfa slitsterkt gólfefni. Steinteppi veita mikla möguleika í hönnun, þeim má litaskipta og til dæmis koma fyrir vörumerkjum í miðju gólfi.

Efnislýsing:

Steinteppi samanstendur af lituðum eða náttúrulegum sandi sem er bundinn er saman með glærri epoxy fjölliðu. Efnid er lagt 5-15 mm þykkt eftir stærð fylliefnis.

Ef undirbúningsefni eru tekin með samanstendur gólfögn úr steinteppi af eftirfarandi þáttum:

1. Epoxy leysiefnalausum grunni
2. Epoxy tix bindiefni sem samanstendur af harpix og herði
3. Fylliefni/sandi

Steinteppi fást í ótal litum og litasamsetningum, sem fara eftir vali og innbyrðis blöndun sands/fylliefnis.

Undirlag:

Steinteppi er hægt að leggja á steypu og ílögð gólf. Ennfremur ofan á stein og keramikflísar.

Þrif:

Steinteppi eru tilvalin á staði þar sem hætta er á óhreinindum. Gólfín líta engu síður út fyrir að vera hrein og þrifaleg. Gólf með steinteppi þarf sjaldnar að þrifa en önnur gólfefni. Um það bil tvisvar á ári er nóg og þá með lág- eða háþrýstum teppahreinsivélum.

Dæmi um eiginleika:

Eftirfarandi eiginleikar steinteppa hafa verið rannsakaðir:

- Togþolsstyrkur, meiri en steypu
- Eld og reyk útbreiðsla samkvæmt SS 024825/NT Fire 007

Hörðunartími:

- Gangandi umferð: 24 klst.
- Flest umferð: 48 klst.
- Fullt álag: 7 dagar.

Til athugunar:

Gæði og áferð steinteppis fer mikið eftir ástandi undirlagsins. Óslétt undirlag ætti því að jafna með viðurkenndum flotefnum.

Vinnsluferli:

Áður en steinteppi er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga.

1. Að undirlag sé slétt, því sléttara og betra, þeim mun áferðarbetrar gólfefni.
2. Undirlag verður að vera meira en 25N/mm² að brotstyrk.
3. Hlutfallsraki verður að vera minni en 80% í yfirborði undirlags.
4. Lofthiti verður að vera meiri en 18°C við gólf meðan á lögn stendur.
5. Að slitfúgur í undirlagi nái í gegnum endanlegt gólfefni.

Lagning steinteppa er vandasamt verk og ætti því einungis að vinnast af sérhæfðum verktökum sem kunna með efnið að fara. SS Gólf er sérhæft fyrirtæki á þessu sviði og hefur víðtæka reynslu og þekkingu sem tryggir góðan árangur.

